



Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **2015-U002**

Dagsetning: **27. mars 2015**

Staðsetning: **Suðurlandsvegur í Eldhrauni**

Atvik: **Útafakstur**

Látin: **20 ára kona**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguatvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Staðsetning



Aðstæður

Veður og birta:

Bjart og 3-5 m/sek vindur. Hiti um frostmark.

Vegur:

Bundið slitlag, snjókrapi á yfirborði, 90 km/klst. hámarkshraði

Tími sólarhrings:

10:18

Ökutæki:

Suzuki Grand Vitara

Samantekt

Slysið varð á Suðurlandsvegi í Eldhrauni að morgni til. Ökumaður og farþegi, báðir erlendir ferðamenn, voru á leið frá Vík í Mýrdal austur að Skaftafelli. Skammt vestan við Kirkjubæjarklaustur missti ökumaður stjórn á bifreiðinni og fór útaf vinstra megin. Í slysinu lést tvítug kona, farþegi í framsæti. Ekki er vitað hvort farþegi notaði bílbelti en af áverkum að dæma er sennilegt að hann hafi ekki notað bílbelti eða verið með beltið spennt fyrir aftan bak. Erlendir ferðamenn eru flestir reynslulitlir í akstri við aðstæður sambærilegar og finnast á Íslandi. Rannsóknarnefndin telur mikilvægt að Samgöngustofa fái aukið fjármagn til fræðslu erlendra ferðamanna um akstur og aðstæður vega á Íslandi, jafnt sumar sem vetur.

Lýsing á slysi

Slysið varð kl. 10:18 að morgni 27. mars 2015. Ökumaður og farþegi, báðir erlendir ferðamenn, voru á leið frá Vík í Mýrdal austur að Skaftafelli. Skammt vestan við Kirkjubæjarklaustur missti ökumaður stjórn á bifreiðinni og fór útaf vinstra megin. Á veginum mátti sjá stutt för eftir bifreiðina, um 18 metra frá miðlínu þar til hún fór útaf vinstra megin. Bifreiðin var á hjólunum utan vegar á 24 metra kafla áður en hún endastakkst og valt í úfnu hrauninu rúmlega 40 metra leið (sjá mynd 1).

Í slysinu lést tvítug kona, farþegi í framsæti. Hún var að hálfu undir bifreiðinni þegar að var komið og hlaut fjöläverka vegna þess. Ekki er vitað hvort farþegi notaði bílbelti en af áverkum að dæma er sennilegt að hann hafi ekki notað bílbelti eða verið með beltið spennt fyrir aftan bak. Ökumaður, 24 ára kona hlaut minniháttar áverka. Hún notaði bílbelti.

Sennilegt er að flotakrapi hafi verið á yfirborði vegarins og ökumaður hafi misst stjórn á bifreiðinni vegna þess. Snjóað hafði um morguninn en hiti var yfir frostmarki er slysið varð og snjórinn blautur og þungur að aka í. Í framburðarskýrslu lýsir ökumaður því að hann hafi skyndilega misst stjórn á bifreiðinni í hjólförum sem myndast höfðu í snjónum og farið útaf vinstra megin. Í samtali við ökumann kom fram að hann taldi sig hafa verið á 90-95 km/klst. hraða. Niðurstöður hraðaútreikninga gáfu svipaða niðurstöðu, þó eilítið lægri eða 88 km/klst. Að sögn ökumanns hafði hann áður ekið í snjó og taldi sig hafa reynslu af akstri við þær aðstæður.



Mynd 1. För eftir bifreiðina utan vegar í Eldhrauni.



Mynd 2. Ökutækið á vettvangi

Ökutæki og ákoma

Bifreiðin var nýleg bílaleigubifreið, árgærð 2014, af gerðinni Suzuki Grand Vitara. Bifreiðin var fjórhjóladrifin, búin lítið slitnum negldum vetrarhjólbörðum. Öryggispúðar bifreiðarinnar sprangu ekki út en að mati bíltæknisérfræðings var ákoma ekki nægjanlega mikil til þess. Loftpúðar eru hannaðir til að blása út við tiltekna ákomu/árekstur og voru þau skilyrði ekki fyrir hendi þegar bifreiðin valt. Eins og sést á mynd 2 aflagaðist bifreiðin ekki mikið við veltunar en rúður brotnuðu þó.

Áfengis- og lyfjaprófanir

Áfengis- og lyfjaprófun ökumanns var neikvæð.

Orsakagreining

- Ökumaður ók of hratt miðað við aðstæður
- Ökumaður missti stjórn á bifreiðinni í krapa og hálku
- Sennilegt er að farþegi hafi ekki notað bílbelti eða notað það ranglega

Ábending

Á undanförunum árum hefur fjöldi ferðmanna sem aka um Ísland stóraukist og samfara því hefur fjöldi umferðarslysa þeirra margfaldast. Samkvæmt upplýsingum Samtaka ferðaþjónustunnar er aukningin áætluð 20-25% á ári og gera spár ráð fyrir að fjöldi ferðamanna gæti orðið 3 milljónir árið 2020. Um þriðjungur ferðamanna leigir sér bifreið. Vegna þessa má vegakerfið þola aukið álag allt árið um kring og gera má ráð fyrir að líftími umferðarmannvirkja verði styttri en áætlað var við byggingu og að viðhaldspörf verði meiri. Fjárveitingar til vegagerðar, vetrarþjónustu og viðhalds vegakerfisins almennt hafa ekki aukist samhliða aukningu ferðmanna. Rannsóknarnefnd samgönguslysa skorar á stjórnvöld að bæta úr í þessum efnum og veita meira fé til viðhalds vegakerfisins, bættra merkinga og nýframkvæmda. Erlendir ferðamenn eru flestir reynslulitlir í akstri við aðstæður sambærilegar og finnast á Íslandi. Þá telur nefndin mikilvægt að Samgöngustofa fái aukið fjármagn til fræðslu erlendra ferðamanna um akstur og aðstæður vega á Íslandi, jafnt sumar sem vetur.

Skýrslan var samþykkt af:

Geirprúður Alfreðsdóttir
Ásdís J. Rafnar
Brynjólfur Mogensen
Guðmundur Freyr Úlfarsson
Inga Hersteinsdóttir

Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Ágúst Mogensen
Stjórnandi rannsóknar

Reykjavík 7.mars 2017
Rannsóknarnefnd samgönguslysa

